

### Hlutverk foreldra

Foreldrar gegna mjög mikilvægu hlutverki í tónlistarnámi barna sinna. Mikið og gott samband við tónlistarkennara skiptir máli og svo eru það heimaæfingarnar sem skila nemendum framförum.

Foreldrum er bent á upplýsingar á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga [www.tonar.is](http://www.tonar.is).

Þar er m.a. á forsiðu að finna góð ráð bæði til nemenda og foreldra í skjali sem heitir „Æfingin skapar meistarann“, með nokkrum vörðum sem geta hjálpað til við að skipuleggja námið.

### Kennslustaðir

Eyrbakki, Flóaskóli, Flúðir, Hveragerði, Kerhólsskóli, Laugarvatn, Reykholt, Selfoss, Stokkseyri, Þjórsárskóli og Þorlákshöfn.

ATH. Nemendur geta sótt nám á milli kennslustaða.



Söngfuglar syngja fyrir leikskólabörn í Hveragerði



Suzuki-víólunemendur á Degi tónlistarskólanna



Suzuki-gítarnemendur á gítardeildartónleikum

Tónlistarskóli Árnesinga er meðal stærstu tónlistarskóla landsins með um 500 nemendur. Við hann starfa um 30 kennarar. Kennslustaðir eru ellefu og koma nemendur úr öllum sveitarfélögum Árnessýslu.



**Skrifstofa Eyraveggi 9, Selfossi**

Opnunartími: **13:00 - 17:00**

Sumarlokun: 15. júní – 7. ágúst

**Sími: 482 1717**

[tonar@tonar.is](mailto:tonar@tonar.is); [www.tonar.is](http://www.tonar.is)

### UMSÓKN UM SKÓLAVIST 2019 – 2020

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga

[www.tonar.is](http://www.tonar.is) - smellt á: [UMSÓKN UM SKÓLAVIST](#)

og allar umbeðnar upplýsingar fylltar út.

Umsóknarfrestur er til **1. júní 2019**.

**Nemendur skrá sig til náms allan veturinn.**

Nemendur sem fá skólavist, fá tölvupóst í ágústbyrjun með upplýsingum um greiðslu skólagjalda.

Kennsla hefst 28. ágúst 2019 og stendur til maíloka 2020.

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri geta leigt hljóðfæri af skólanum. Nemandi sem vill kaupa eigið hljóðfæri, er hvattur til að gera það í samráði við kennara sinn.

**Hefurðu sótt um áður?**

Ath. að endurnýja þarf umsókn árlega og merkja í viðeigandi reit.

**Suzukinám** er ætlað börnum sem hefja nám **3 - 5 ára**.

Eftirtaldir kennslugreinar eru í boði: **blokkflauta, gítar, fiðla, selló, víóla, píanó**.

Í Suzukinámi er lögð áhersla á virka þátttöku foreldra. Foreldrar mæta í **alla** tíma með börnum sínum og æfa með þeim heima, auk þess að læra sjálfir á hljóðfærið. Byrjendur í Suzukinámi sækja 30 mín. einkatíma á viku og 45 mín. hóptíma aðra hverja viku. Kennt er samkvæmt *móðurmálsaðferðinni*. Sjá nánar á heimasíðu Suzukisambands Íslands: [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is) → Suzuki aðferðin.

*Áhugasamir eru hvattir til að mæta á Suzuki-útskriftartónleika og fræðslufund,*

*laugard. 4. maí kl. 11:00—12:00 í sal Tónlistarskóla Árnesinga, Eyraveggi 9, 3. hæð, Selfossi.*

**Klassískt nám** er ætlað nemendum **6 ára og eldri**.

Námshgreinar eru: **ásláttarhljóðfæri**

Hljómborðshljóðfæri: **píanó, kirkjuorgel**

Málmblasturshljóðfæri: **trompet, básúna, horn, barítónhorn, túba**

Tréblásturshljóðfæri: **blokkflauta, þverflauta, klarinetta, saxófónn**

Strengjahljóðfæri: **fiðla, víóla, selló, kontrabassi, klassískur gítar**

Söngur: **einsöngur** frá 16 ára aldri. Yngri nemendum er bent á **söngfugla** hér til hægri.

Nemendur sem sækja um nám á **blásturshljóðfæri, víólu, selló og kontrabassa, fá forgang**, enda eru þetta mikilvæg hljóðfæri í öflugum hljómsveitastarfi skólans.

\* Ef óskað er eftir öðrum hljóðfærum en að ofan greinir, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu tónlistarskólans. Kennt er í einkatímum 30 - 60 mínútur á viku.

Í klassísku tónlistarnámi þurfa nemendur að kaupa nótnabækur á hverju ári.

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum, samspili eða samsöng** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).

**Rytmískt nám** er ætlað nemendum **8/9 ára og eldri**.

Námshgreinar eru: **rafgítar, rafbassi, trommur,**

og sem viðbótarhljóðfæri: **rytmísk fiðla / víóla / selló** (undanfari grunnpróf).

Kennt er í einkatímum 30 - 60 mín. á viku. **Samspil er þungamiðja námsins** og taka allir rytmískir nemendur þátt í því frá upphafi.

Auk nemenda í rytmísku námi, geta nemendur í klassísku námi tekið þátt í rytmísku samspili.

**NÝTT**

**Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla.**

[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is) – Útgáfur – Aðalnámskrá listaskóla

**Söngfuglar** er söngnám ætlað nemendum á aldrinum **10 - 15 ára**. Kennsla fer fram í hóptímum og er hámarksfjöldi í hverjum hópi 12 nemendur. Nemendur fá þjálfun í raddbeitingu og að koma fram jafnt sem einsöngvarar og í hópi. Söngfuglar eru ætlaðir bæði drengjum og stúlkum.

Kennsla fer fram á Selfossi og í Hveragerði.

**Tónfræðigreinar** eru hluti tónlistarnáms.

\* Tónfræðikennsla í 1. stigi fá nemendur í hljóðfæra-/söngtímum.

\* 2. - 3. stig (grunnám) í tónfræði er tveggja ára nám í hóptímum (1 klst./viku).

\* 4. - 5. stig (miðnám) í tónfræði er þriggja ára nám í hóptímum (1 - 1,5 klst./viku).

Námsefni: Ópus 1—6.

\* Að afloknum 5. stigi (miðprófi) taka við sérgreinar í hóptímum:

hljómfæði, tónlistarsaga, tónheyrn (1,5 klst./viku hvert fag í 2 ár) og

valgrein (1 klst./viku í 1 ár).

### Skólagjöld veturinn 2019 - 2020

- Heilt nám: 60 mín./viku (eða 2 x 30 mín.)

- Hálf nám: 30 mín./viku (býðst aðeins nýnemum)

Hljóðfæranám (heilt nám) 1. - 4. stig ..... 97.900

5. - 7. stig ..... 128.900

Hljóðfæranám (hálf nám) 1. stig ..... 62.000

Söngur (heilt nám) 1. - 5. stig.....128.900

6. - 7. stig .....175.400

Söngur (hálf nám) 1. stig .....93.000

Söngfuglar/tónfræðitímar eingöngu. ....22.900

Hljóðfæraleiga.....12.900

2. nemandi í fjölskyldu fær 25% afslátt og 3.+ nemandi fær 50% afslátt

- Skólagjöld standa undir öllum rekstrarkostnaði tónlistarskólans að undanskildum launagreiðslum.

Nánari upplýsingar um kennslugreinar eru á heimasíðu skólans [www.tonar.is](http://www.tonar.is) — **Námsframboð**.

Framboð er þó breytilegt milli kennslustaða.